

Kæru félagar í Landssambandi hestamanna,

Siguroddur Pétursson heiti ég og býð mig fram til setu í aðalstjórn LH en ég hef setið í stjórn LH síðast liðin 2 ár og 2 ár þar á undan í varastjórn. Á undanförunum 4 árum hef ég beitt mér að keppismálum, landsliðsmálum, afreksmálum og málefnum fyrir hinn almenna hestamann. Stjórnarsetu fylgir mikil ábyrgð og er árangursrík teymisvinna á stjórnarfundum lykillinn að velgengni. Ég tel að reynsla mín og áhugi fyrir félagsstörfum í þágu hestamennskunnar og sem atvinnumaður í greininni myndi nýtast vel. Ég vil leggja mitt af mörkum til að vinna að langtíma hagsmunum hestamennskunnar og efla gott orðspor til framtíðar.

Virðingarfyllt,

Siguroddur, Hrísdal Snæfellsnesi.

